

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps nr. 651 12. desember 1980, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,30 fyrir hverja kíló-wattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 3,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 19,80.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlað hitaveitan orku-notkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- | | |
|--|------------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " | kr. 123,00 |
| b) fyrir mæla 1"—2" | kr. 247,35 |
| c) fyrir mæla stærri en 2" | kr. 494,70 |

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 68,50.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	18 190,00 kr.
300— 2 000 m ³	18 190,00 kr. fyrir 300 m ³ + 19,82 kr/m ³ þar yfir.
2 000— 6 000 m ³	51 878,00 kr. fyrir 2 000 m ³ + 16,27 kr/m ³ þar yfir.
6 000—10 000 m ³	116 953,00 kr. fyrir 6 000 m ³ + 14,50 kr/m ³ þar yfir.
Yfir 10 000 m ³	174 926,00 kr. fyrir 10 000 m ³ + 12,20 kr/m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 820,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Þegar lokað hefur verið aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 227,40.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1015 stig.

Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1 eða samsvarandi taxa, en hann er nú 0,406 kr/kWh auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað er við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.

II. KAFLI

3. gr. 1. málsg. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 12,75 fyrir hvern rúm-metra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 0,27 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

- | | |
|--|------------|
| a. fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 85,00 |
| b. fyrir mæla allt að 2" | kr. 170,00 |
| c. fyrir mæla allt að 3" | kr. 340,00 |
| d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald. | |

III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald, sem skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð: